

Landsþing Skátagildanna á Íslandi verður haldið í Hafnarfirði laugardaginn 13. maí nk.



Þetta er 28. landsþingið og það er St. Georgsgildið í Hafnarfirði sem sér um þinghaldið. Gildisfélagar eru hvattir til að taka þátt í þinginu sem er kjörinn staður til að hitta aðra gildisfélaga, skiptast á skoðunum um gildisstærði og njóta þess að vera saman.

Boðið verður upp á skoðunarferð og móttöku í Skátalundi en þingdeginum lýkur með hátíðarkvöldvöku og kvöldverði.

Nánari dagskrá verður kynnt síðar en gleymið ekki að taka daginn frá.